

Nú kemur skip með fisk til löndunar og er þá óheimilt að halda aftur til veiða, fyrr en öllum afla hefur verið landað.

## 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 11. maí 1979.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Jón B. Jónasson.*

## G J A L D S K R Á

### fyrir leiðsögu við Ísland.

## 1. gr.

Gjald fyrir leiðsögn skips er miðað við brúttórúmllestærð þess, o gþá vegalengd, sem það siglir, ásamt djúpristu þess, sem er innifalin í meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílum að og frá höfn eða stað, þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt meðfylgjandi töflu:

Fyrir skip allt að 500 br.rúml. ....	kr. 1 800.00
Fyrir skip frá 500— 1000 br.rúml. ....	— 1 850.00
— — — 1000— 1500 — — .....	— 1 900.00
— — — 1500— 2000 — — .....	— 1 950.00
— — — 2000— 3000 — — .....	— 2 000.00
— — — 3000— 4000 — — .....	— 2 100.00
— — — 4000— 5000 — — .....	— 2 200.00
— — — 5000—10000 — — .....	— 2 500.00
— — — 10000—15000 — — .....	— 2 800.00
— — — 15000—20000 — — .....	— 3 100.00
— — — 20000—30000 — — .....	— 3 400.00
— — — 20000—30000 — — .....	— 3 400.00
— — — 30000 og þar yfir .....	— 3 600.00

Greiðsla fyrir sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áður nefndar 10 sjómílu, skal vera:

Fyrir skip allt að 500 br.rúml. ....	kr. 400.00
Fyrir skip frá 500— 5000 br. rúml. ....	— 500.00
— — — 5000—10000 — — .....	— 600.00
— — — 10000 og þar yfir .....	— 700.00

Minnsta gjald fyrir leiðsögu skal vera kr. 14 000.

Leggi leiðsögumaður skipi að eða frá bryggju, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 4 600 fyrir skip allt að 500 brúttórúmllestir, og kr. 400.00 fyrir hverjar 100 brúttórúmllestir skipsins fram yfir það.

Fyrir skip, sem sigla eftir fastri áætlun, lækka gjöldin um 25%

### 2. gr.

Fari viðstaða skips í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer fram úr 6 klst. á hverjum stað. Skulu biðpeningar miðast við kr. 1.800 pr. klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði og hvíldaraðstaða fyrir sig og aðstoðarmenn.

### 3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands, og ferðakostnaðar frá leiðsöguhöfn í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skipsins eftir ákveðinn komu- eða burtfarartíma þess. Skal það á sama hátt vera greitt með kr. 1.800 pr. klst., þó aldrei meira en 8 klst. á sólarhring (frá 0.00—24.00).

### 4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu frá 1. október til 31. mars, og skal vera  $\frac{1}{2}$  hærri samkvæmt 1. grein, en óbreytt varðandi 2. og 3. grein.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland, nr. 349 28. september 1976.

*Samgönguráðuneytið, 8. maí 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Hafnarfjarðar.

#### I. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði, er hér segir:

#### A. LÝSING

1. Götu og útilýsing. Af uppsettu afli 163.280 kr/kWa, stjórnast af ljósnema- og fjarstýritækjum rafveitunnar. Notandi greiði að auki stofnkostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
2. 36.68 kr/kWh. Séu lampar ófasviksjafnaðir er heimilt að hækka orkugjald um 15%. Sjá lið 3.5.